

Benchmark Genetics Iceland hf.  
Bæjarhrauni 14  
220 Hafnarfjörður

15. ágúst 2025  
UOS2501701/F.Æ.

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. júní 2025 – ID 433

Þann 16. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. - Seljavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitskýrsla.

### Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

- Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.  
*Losun fosfórs árið 2024 var innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi og er frávikinu því lokað.*

### Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

- Gæta þarf að því að réttar forsendur séu notaðar við útreikninga á fosfórlosun.
- Mæla þarf rennsli við útrás stöðvarinnar a.m.k. þegar sýni eru tekin.

### Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu:

- Ekki var tilkynnt um breytingu á tengilið rekstraraðila þegar fyrrverandi stöðvarstjóri hætti.  
*Eftirlitsaðili hefur fengið upplýsingar um nýjan tengilið og er frávikinu því lokað.*
- Ekki er ljóst hver fosfórlosun ársins 2023 var.  
*Fosfórlosun árið 2024 var innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi og er frávikinu því lokað.*
- Þegar eftirlit fór fram var tunna með klór geymd án viðunandi lekavarna.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2025.

Virðingarfyllst,

*Freyr Ævarsson*

Sérfræðingur, teymi eftirlits

*Stella Hrönn Jóhannsdóttir*

Sérfræðingur, teymi eftirlits